



ÍSÍ úthlutar tæplega 462 m.kr. í afreksstyrki

Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur samþykkt tillögur stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ að úthlutun fyrir árið 2020, en styrkveitingar ÍSÍ til sambandsaðila nema tæplega 462 milljónum króna.

Til Afrekssjóðs ÍSÍ bárust að þessu sinni umsóknir frá 30 sérsamböndum. Hljóta öll þessi sérsambönd styrk vegna sinna landsliðsverkefna, þótt um misháar upphæðir sé að ræða. Þrátt fyrir að úthlutað sé að þessu sinni tæplega 462 milljónum króna, sem er svipuð upphæð og á síðasta ári er enn töluvert í að styrkir ÍSÍ standi undir öllu afreksíþróttastarfi sérsambanda. Heildarkostnaður afreksíþróttastarfs hjá þeim sérsamböndum sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2020 nema um 1.563 m.kr. og er stuðningur sjóðsins því að meðaltali tæplega 30% af þörf sérsambanda, en þess má þó geta að árið 2016 var hlutfallið um 11%.

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ hefur þannig hækkað mikið á undanförunum árum og er fyrir þetta ár 400 m.kr. sem er sama upphæð og var fyrir árið 2019 en þá hafði framlagið hækkað árlega um 100 m.kr. frá 2016. Afrekssjóður ÍSÍ er annars fjármagnaður með hlutdeild úr tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá samkvæmt ákvörðun Íþróttapings ÍSÍ.

Unnið hefur verið eftir sama vinnulagi og á síðastu tveimur árum, en þá var nýtt ferli tekið upp hjá Afrekssjóði ÍSÍ vegna styrkjaumsókna og meðhöndlun þeirra. Fulltrúar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hafa fundað með sérsamböndum og aðstoðað þau við að móta umsóknir og fylla inn upplýsingar samkvæmt þeim ramma sem stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ hefur samþykkt og kynntur hefur verið fyrir sérsamböndum ÍSÍ.

Sérsambönd eru flokkuð í þrjú afreksflokka, þ.e. A/Afrekssérsambönd, B/Alþjóðleg sérsambönd og C/Þróunarsérsambönd. Við ákvörðun á styrkuppheðum til sérsambanda er fyrst horft til flokkunar þeirra í afreksflokka. Eftir því hvaða flokki þau tilheyra er heimilt að veita þeim styrk vegna ákveðna málaflokka. Þannig hljóta sérsambönd grunnstyrk sem er mishár eftir flokki, styrk vegna þátttöku í HM/EM, styrk vegna hæfileikamótunar, vegna heilbrigðisteymis og vegna menntunar afreksþjálfara/landslíðsþjálfara. Í flokki A og B sérsambanda eru síðan fleiri flokkar sem eru styrktir, s.s. vegna verkefna alþjóðlegra dómara, verkefna yngri liða/einstaklinga, vegna Ólympíuundirbúnings og vegna einstaklinga. Það sem greinir samt helst á milli sambanda varðandi upphæðir er umfang þess afreksstarfs sem á sér stað hjá sambandinu. Þannig skila öll sérsambönd inn áætlun um verkefni ársins og fjölda þátttakenda og lengd verkefnis. Hvert mót fær ákveðinn stuðul eftir vægi mótsins samkvæmt skilgreiningu sérsambands sem uppfærð hefur verið á árinu 2019. Úr þessum gögnum verður til mismunandi stigafjöldi fyrir hvert sérsamband og fær sambandið úthlutað hluta af styrknum samkvæmt þeim stigafjölda sem það mælist með.

Áherslupættir sjóðsins sjást í úthlutun til sérsambanda og hvernig einstaka þættir eru styrktir. Fyrir árið 2020 er hlutfall styrkja í flokki svonefndra fastra styrkja 55,06% af heildarúthlutun, en var fyrir árið 2019 50,5%. Hlutfall breytilegra styrkja hefur lækkað í öllum flokkum í samanburði við síðasta ár, sem gefur til kynna að sérsambönd eru með áherslur í takt við tillögu sjóðsins. Þessi breyting hefur áhrif á úthlutun til þeirra sérsambanda sem hafa fengið stóran hluta af breytilegum styrkjum sjóðsins.



Áhersluþættir	A/Afreks-sársambönd	% innan flokks	B/Alþjóðleg sársambönd	% innan flokks	C/Þróunar-sársambönd	% innan flokks	Samtals	% innan flokks
Grunnstyrkir	22.000.000	6,86%	11.000.000	9,52%	5.500.000	21,45%	38.500.000	8,33%
Starfsmannakostnaður	48.000.000	14,97%	30.800.000	26,65%	0	0,00%	78.800.000	17,06%
Fagteymi	27.750.000	8,65%	8.850.000	7,66%	1.537.500	6,00%	38.137.500	8,26%
HM/EM þátttöku	35.500.000	11,07%	13.000.000	11,25%	5.780.000	22,54%	54.280.000	11,75%
HM/EM lokamóts í hópiþr.	8.000.000	2,49%	0	0,00%	0	0,00%	8.000.000	1,73%
Menntun landsliðsþjálfara	2.400.000	0,75%	2.112.500	1,83%	900.000	3,51%	5.412.500	1,17%
Réttindi alþjóðl. dómara	2.100.000	0,65%	2.200.000	1,90%	0	0,00%	4.300.000	0,93%
Hæfileikamótun	14.000.000	4,37%	5.500.000	4,76%	7.425.000	28,96%	26.925.000	5,83%
Alls	159.750.000	49,81%	73.462.500	63,55%	21.142.500	82,45%	254.355.000	55,06%
Umfang afreksstarfs	83.500.000	26,04%	8.000.000	6,92%	0	0,00%	91.500.000	19,81%
Vegna einstaklinga	25.500.000	7,95%	10.500.000	9,08%	2.000.000	7,80%	38.000.000	8,23%
Vegna ÓL/PL undirbúnings	20.500.000	6,39%	4.500.000	3,89%	2.000.000	7,80%	27.000.000	5,84%
Yngri lið/einstaklingar	28.450.000	8,87%	17.630.000	15,25%		0,00%	46.080.000	9,98%
Aðrir þættir	3.000.000	0,94%	1.500.000	1,30%	500.000	1,95%	5.000.000	1,08%
Alls	160.950.000	50,19%	42.130.000	36,45%	4.500.000	17,55%	207.580.000	44,94%
Samtals	320.700.000	69,43%	115.592.500	25,02%	25.642.500	5,55%	461.935.000	100,00%

Hlutfall á milli afreksflokka hefur einnig tekið breytingum en hafa ber í huga að á árinu 2019 voru gerðar tvær breytingar á flokkun sársambanda í flokka, þ.e. Skíðasamband Íslands var fært úr B-flokki í A-flokk og Landsamband hestamannafélaga var fært úr C-flokki í B-flokk. Þá hafa þrjú sársambönd sótt um styrki í fyrsta skipti til sjóðsins, þ.e. fyrir verkefni ársins 2020. Aukinn fjöldi sársambanda og færslur á milli flokka hafa áhrif á úthlutun til annarra og þótt að slíkt hafi átt sér stað áður þá gerði aukning á framlagi ríkisins til sjóðsins mögulegt að bregðast við slíkum breytingum án þess að það þyrfti að koma til lækkunar á styrkveitingum til einstakra sársambanda. Fyrir árið 2020 er ljóst að fjölmörg sársambönd lækka í upphæðum á milli ára og eru það helst sársambönd sem voru með töluvert minna umfang á árinu 2019 í samanburði við komandi ár sem hækka á milli ára.

Í reglugerð Afreksjóðs ÍSÍ er fjallað um kröfur um afreksstefnur sársambanda sem uppfylla viðmið ÍSÍ. Þannig er lögð áhersla á að öll sársambönd móti sér stefnu í afreksíþróttum sem hljóti umfjöllun og samþykki á sársambandsþingi. Mismunandi kröfur eru þó gerðar til sársambanda eftir afreksflokkum þeirra.

Á árinu eru margir stórvíðburðir á dagskrá eins og EM í handknattleik karla sem var í upphafi árs og Ólympíuleikar og Ólympíumót fatlaðra í Tókýó. Vorið framundan er mjög mikilvægt keppendum í íþróttagreinum þar sem lágmörk og staða á heimslista ræður því hverjir vinna sér inn keppnisrétt á leikana í Tókýó og verður spennandi að fylgjast með árangri íslenskra keppenda á næstu misserum.

Í þessum tölum er verið að tala um heildarúthlutun til viðkomandi sársambands og er nánari útfærsla skilgreind í samningum sem gerðir verða við sársambönd á næstunni.

Áherslur ÍSÍ varðandi afreksstyrki mótast af Afreksstefnu ÍSÍ þar sem segir:

„Meginhlutverk Afreksjóðs ÍSÍ í uppbyggingu afreksíþróttá á Íslandi er að styðja sársambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk við að ná árangri í alþjóðlegri keppni. Forsenda styrkveitinga er að sársambönd hafi markvissa og raunhæfa afreksstefnu, ásamt aðgerðaráætlun. Stuðningur sjóðsins felst í fjárframlögum vegna verkefna sem skulu vera fyrirfram skilgreind í aðgerðaráætlun viðkomandi sársambands.“



Vonir standa til þess að frekari styrkjum verði úthlutað á árinu 2020 og mun stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ fylgjast náið með framvindu og árangri. Er þar m.a. verið að horfa til Ólympíuleika í Tókýó 2020 og þeirra sambanda og íþróttamanna sem stefna að þátttöku á leikunum og eiga þess kost að vinna sér inn keppnisrétt.

Úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ til sérsambanda 2020

Flokkun	Sérsambönd	Upphæð
A	HSÍ – Handknattleikssamband Íslands	58.300.000
	FSÍ – Fimleikasamband Íslands	52.800.000
	SSÍ – Sundsamband Íslands	37.650.000
	GSÍ – Gólfisamband Íslands	35.900.000
	KKÍ – Körfuknattleikssamband Íslands	35.600.000
	FRÍ – Frjálsíþróttasamband Íslands	35.300.000
	SKÍ – Skíðasamband Íslands	32.600.000
	ÍF – Íþróttasamband fatlaðra	32.550.000
B	KRA – Kraftlyftingasamband Íslands	15.000.000
	BSÍ – Badmintonsamband Íslands	12.100.000
	ÍHÍ – Íshökkísamband Íslands	12.000.000
	JSÍ – Júdósamband Íslands	10.550.000
	SKY – Skyllingasamband Íslands	10.500.000
	BLÍ – Blaksamband Íslands	10.400.000
	DSÍ – Dansíþróttasamband Íslands	10.250.000
	STÍ – Skotíþróttasamband Íslands	9.750.000
	KLÍ – Keilusamband Íslands	9.217.500
	LH – Landssamband hestamannafélaga	8.800.000
	KAÍ – Karatesamband Íslands	7.025.000
C	LSÍ – Lyftingasamband Íslands	3.800.000
	ÞRÍ – Þríprautarsamband Íslands	3.205.000
	TKÍ – Taekwondósamband Íslands	2.787.500
	BFSÍ – Bogfimisamband Íslands	2.300.000
	TSÍ – Tennissamband Íslands	2.300.000
	BTÍ – Borðtennissamband Íslands	2.300.000
	HRÍ – Hjólreiðasamband Íslands	2.100.000
	ÍSS – Skautasamband Íslands	2.000.000
	SÍL – Siglingasamband Íslands	1.750.000
	MSÍ – Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttasamband Íslands	1.650.000
	HNÍ – Hnefaleikasamband Íslands	1.450.000
Alls		461.935.000